



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 19. mars 2024
2402387/100.06 IA

Efni: Lántaka á árinu 2024.

Í fjárhagsáætlun ársins 2024 var gert ráð fyrir að taka þyrfti um 4.300 m.kr. að láni og að niðurgreiðsla lána væri rúmlega 2.400 m.kr., en þá var greiðsla á 1.500 m.kr. skammtímaláni sem tekið var í lok árs 2023 ekki inni. Að því láni meðtöldu er niðurgreiðsla lána á árinu 2024 rúmlega 3.900 m.kr. Vegna þyngri greiðslubyrði í upphafi árs en áætlað hafði verið var tekið skammtímalán sem er með gjalddaga í júlí 2024. Bæði þessi skammtímalán voru tekin í von um að staða á skuldabréfamarkaði myndi eitthvað vænkast þegar jafnvægi kæmist á vegna t.d. kjarasamninga og vextir færu að lækka. Á árinu 2024 eru að auki áætlaðar miklar framkvæmdir sem þarf að fjármagna.

Til að standa undir þessum afborgunum lána og framkvæmdum sem eru í gangi, er óskað eftir heimild til að hefja útgáfu á markaðsskuldabréfum.

Eftir að hafa ráðfært sig við áhugasama markaðsaðila er mælt með að ganga að tilboði Arion banka. Þeir mæltu með að Kópavogsbær stofnaði nýjan skuldabréfaflokk með lokagjalddaga eftir 25-30 ár. Vaxtakjör eru alltaf óljós fyrirfram þegar leitað er á markaðinn, en mælt er með að notuð verði svokölluð „Hollensk aðferð“, en hún þýðir að tekið er öllum tilboðum sem eru jöfn eða lægri en ávöxtunarkrafa sem seljandi sættir sig við. Á fylgiblaði kemur fram þóknun bankans, en að auki þarf að greiða beinan útlagðan kostnað s.s. skjalagerð, sem er útvistað og skráningargjald til Kauphallar og verðbréfamiðstöðvar.

Er því óskað eftir heimild bæjarráðs að ganga til samninga við Arion banka um skuldabréfaútboð.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri